

80 sérstaks styrks eftir þann tíma til náms þeirra, skal varið $\frac{3}{4}$ vaxta sjóðsins árlega 8. maí samkvæmt c-lið 3. gr.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 3 mönnum. Skal einn tilnefndur af stjórn Náttúrufræðifélagsins, annar af Rannsóknaráði ríkisins og hinn þriðji af fjölskyldu Steinhórs Sigurðssonar. Skal stjórnin taka ákvörðun um ávöxtun höfuðstóls, fjárveitingar úr sjóðnum og annað honum viðkomandi, er þörf verður á.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu 3 endurskoðendur útnefndir af sömu aðilum og þeim, er útnefna stjórnarmenn.

7. gr.

Verði fyrirsjáanlegar breytingar á grundvallaratriðum þeim, sem skipulagsskrá þessi er byggð á, skal stjórn Náttúrufræðifélagsins heimilt að setja nýja skipulagsskrá fyrir sjóðinn í samræmi við breyttar aðstæður.

8. gr.

Sjóðurinn tekur þegar til starfa.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og óskast hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

81 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Menningarsjóð þingeyskra kvenna“, 8. maí útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 8. maí 1953. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Menningarsjóðs þingeyskra kvenna.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Menningarsjóður þingeyskra kvenna. Starfssvæði sjóðsins er Suður-Þingeyjarsýsla ásamt Húsavíkurkaupstað.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður árið 1913 af Kvenfélagasambandi Suður-Þingeyjarsýslu. Lagður í byggingu Húsmæðraskólans að Laugum árið 1929. Endurreistur árið 1951.

Hið nýja stofnfé sjóðsins er:

I. Endurgreiðsla frá Kvenfélagasambandi Suður-Þingeyjarsýslu á fé því, sem lagt var til húsmæðraskólabyggingarinnar árið 1929	kr. 3500.00
II. Minningargjöf um frú Kristjönu Pétursdóttur, forstöðukonu húsmæðraskólans að Laugum frá nemendum hennar og ýmsum aðdáendum í Þingeyjarsýslum báðum	— 8500.00
III. Minningargjöf, sem Júlíus Havsteen sýslumaður afhenti sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu 12. júlí 1948 til ráðstöfunar, til minningar um konu sína, sýslumannsfrú Þórunni Havsteen	— 2000.00
IV. Minningargjöf um frú Önnu Kristjánsdóttur frá Viðivöllum í Fnjóskadal, safnað af frændfólki hennar og vinum í Suður-Þingeyjarsýslu	— 1500.00

3. gr.

Árlegar tekjur sjóðsins, auk hans eigin vaxta, eru frjáls framlög og minningargjafir. Skulu minningarspjöld gefin út til tekjuöflunar.

Sjóðurinn skal eiga vandaða bók, sem í séu færð nöfn, æviágrip og myndir, ef til eru, þeirra kvenna og karla, sem minnst er með gjöfum til sjóðsins. Lágmarksupphæð, sem heimilar minningargjöf með mynd, sé kr. 300.00.

81

8. maí

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla menntun og menningu kvenna í héraðinu.

5. gr.

Tilgangi sjóðsins skal leitast við að ná með því að:

- a. Veita konum námsstyrki. Má sá styrkur vera hvort sem er til námskeiða eða einstaklinga;
- b. auka viðgang og þroska Húsmæðraskólans að Laugum og styrkja starfsemi hans, t. d. með því að veita árlega viðurkenningu þeim nemendum skólans, sem mesta ástundun sýna við nám, samfara háttprýði og félagslegum þroska á skólaheimilinu;
- c. styðja eftir mætti ýmiss konar menningarstarfsemi innan starfssvæðis sjóðsins.

6. gr.

Stjórn sjóðsins hefur aðsetur í Suður-Þingeyjarsýslu og Húsavíkurkaupstað. Skipa stjórnina 3 menn: Kona, kosin af aðalfundi Kvenfélagasambands Suður-Þingeyjarsýslu, önnur kona, valin af bæjarstjórn Húsavíkur, og kona, er sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu kýs. Aðrar þrjár konur séu kosnar í varastjórn á sama hátt. Kjörtímabil sé það sama og í bæjarstjórn og sýslunefnd.

Stjórnin skiptir með sér verkum. Hún tekur á móti framlögum til sjóðsins, veitir fé úr honum og annast reikninga hans. Viðurkenningu til nemenda húsmæðraskólans veitir hún að fengnum tillögum forstöðukonu skólans.

Stjórn sjóðsins starfar kauplaust, en að öðru leyti kostar sjóðurinn óhjákvæmlega útgjöld vegna starfsemi sjóðsstjórnarinnar.

7. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í opinberri innlánsstofnun. Skulu reikningar hans árlega lagðir fram endurskoðaðir fyrir Kvenfélagasamband Suður-Þingeyjarsýslu til samþykktar. Einnig skal aðalreikningurinn árlega sendur sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu og bæjarstjórn Húsavíkur til athugunar.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Endurskoðendur skulu árlega kosnir fyrir fram. Kvenfélagasamband Suður-Þingeyjarsýslu kýs endurskoðendurna.

8. gr.

Úthlutun úr sjóðnum má fyrst fara fram, þegar hann er orðinn 20 000 — tuttugu þúsund — krónur. Má þá og eftirleiðis úthluta öllum tekjum hans öðrum en minningargjöfum, en höfuðstól og minningargjafir, sem innfærðar verða í minningarbók sjóðsins, má ekki skerða.

9. gr.

Leysist Kvenfélagasamband Suður-Þingeyjarsýslu upp, skulu sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu og bæjarstjórn Húsavíkur annast það, að sjóðurinn starfi eigi síður áfram, á sama grundvelli og áður.

81
8. maí Skipulagsskrá þessari má ekki breyta nema á aðalfundi Kvenfélagasambands Suður-Þingeyjarsýslu og skulu breytingartillögur áður hafa verið sendar sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu og bæjarstjórn Húsavíkur til umsagnar.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari, svo og breytingum, er á henni kunna að verða gerðar.

11. gr.

Skipulagsskrána skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 129/1944, um útvarpsrekstur ríkisins.

1. gr.

54. grein reglugerðar nr. 129/1944, um útvarpsrekstur ríkisins orðist svo:
82
11. apríl Engum öðrum en Ríkisútvarpinu er heimilt að flytja inn í landið eða verzla með viðtæki fyrir útvarp, varahluti slíkra tækja eða aðra skylda hluti, sem nota má í sambandi við útvarp eða gjallarhornalagnir. Þetta ákvæði takmarkar þó ekki rétt Landssímans til innflutnings og sölu fjarskiptatækja og hluta til þeirra til annars fjarskiptareksturs en útvarps, enda sé honum þá skylt að tilkynna til innheimtudeildar Ríkisútvarpsins þau tæki, sem jafnframt mætti nota til viðtöku útvarps, ef þau eru notuð utan vinnustöðva Landssímans.

Sérstakri deild í Ríkisútvarpinu, sem nefnist „Viðtækjaverzlun ríkisins“, skal falið að annast einkasölu á nefndum útvarpsvörum.

2. gr.

55. gr. orðist svo:

Einkasala þessi nær til eftirgreindra vörutegunda.

Útvarpsviðtæki, þ. á m. útvarpsgrammófonar. Magnarar, sem nota má við útvarpsviðtöku eða gjallarhornalagnir, einnig þótt þeir séu sambyggðir öðrum tækjum. Loftnetsefni, sem er sérstaklega ætlað til útvarpsviðtöku. Rafgeymar, 2—4 volta, þurr-rafhlöður, 15—180 volta, sem eru notaðir við útvarpsviðtæki. Varahlutir í ofanefnd tæki, svo sem rafeindalampar, þéttar, spólur, spennar, viðnám, gjallarhorn o. fl., enda hafi einkasalan að jafnaði birgðir af þessum varahlutum.

Nú óskar útvarpsnotandi að selja viðtæki sitt, og er honum þá heimilt að selja það hverjum sem er, sbr. þó 39. gr., enda hafi hann notað viðtækið sex mánuði hið skemmsta. Óski hann að selja viðtækið fyrr, ber honum að leita til þess samþykkis Ríkisútvarpsins.

Óheimilt er að selja notuð viðtæki í atvinnuskyni fyrir aðra eða verzla með þau, eða annað það, er að ofan greinir, nema hafa hlotið til þess skriflega heimild Ríkisútvarpsins.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 68/1934, um útvarpsrekstur ríkisins, sbr. lög nr. 64/1939 og lög nr. 25/1943, um breyting á þeim lögum, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 11. apríl 1953.

Björn Ólafsson.

Birgir Thorlacius.